

Foreldrafélagsfundur og starfsáætlun foreldrafélagsins 2014-2015

Fundur í stjórn foreldrafélagsins 8. janúar klukkan 20:00

Mættir voru: **Ingibjörg Stefánsdóttir, Ingbór Guðjónsson, Hjördís Garðarsdóttir, Ragnar Fjalar Stefánsson** gjaldkeri og **Ingunn Sveinsdóttir** fulltrúi leikskólans.

Gjald í ferða- og skemmtisjóð barna

Gjaldið yfir skólaárið verður 2.400 krónur eins og í fyrra og innheimtist í einni greiðslu. Á meðan gjöldin duga fyrir verkefnum foreldrafélagsins er ekki ástæða til að hækka þau. Ragnar taldi að um 170.000 væru til inn á reikningi félagsins. Foreldrafélagið kemur að ýmsum verkefnum í leikskólanum bæði með beinni þátttöku og einnig með því að styrkja ýmis verkefni.

Leiksýningar á skólaárinu

Foreldrafélagið greiddi fyrir sýninguna um Einar Áskel sem haldin var 9. Október. Félagsmenn tilbúnir að skoða það að greiða fyrir fleiri sýningar á árinu ef einhverjar áhugaverðar eru í boði. Ingibjörg nefndi t.d. góða sýningu sem hún hefði séð í Reykjavík sem hét Langafi drullusokkur.

Desember

Tvö jólaböll voru haldin á Holti og Lóni fyrir börn deildanna og fjölskyldur þeirra. Gengið var í kringum jólatréð og jólasöngvar sungnir. Á eftir var öllum boðið upp á smákökur, kaffi og kakó. Á Vík heldu börnin jólatónleika í Tónlistaskólanum og þar var einnig boðið upp á smákökur, kaffi og kakó.

Lambaferð

Foreldrafélagið greiðir móttökugjaldið í lambaferðinni að Bjarneyjarsandi en leikskólinn rútu og annað sem til fellur. Lambaferðin verður farin 19. maí.

Útskriftarferð í Skorradal

Elstu börnin fara í útskriftarferð í Skorradal 12.-13. maí og gista þar eina nótt.

Foreldrafélagið hefur greitt 1000 kr pr. barn í mat í þessari ferð en leikskólinn rútu, gistingu og laun kennara. Einnig kom til tals að ef það hentar leikskólanum betur þá geti foreldrafélagið frekar greitt upp í kostnað vegna sundnámskeiðs sem elstu börnin fara á í vor. Það verði bara metið þegar nær dregur.

Útskrift

Sérstök útskriftarhátíð er fyrir elstu börnin og foreldra þeirra 28. maí. Foreldrafélagið leggur til glæsilega útskriftarertu en að auki koma foreldrar útskriftarbarna með veitingar.

Sumarkaffi 2015

Sumarkaffið verður fimmtudaginn 23. Apríl en þá er sumardaginn fyrsti. Þetta er fjáröflun foreldrafélagsins og rennur allur ágóði til barnanna. Allir voru sammála um mikilvægi þess að halda þessu áfram. Foreldrar leggja til veitingar á kaffiborðið og opið er frá klukkan 14 til 16. Ekki var tali ástæða til að lengja opnunartímann. Nánari skipulag og útfærsla á sumarkaffinu þarf að ræða frekar þegar nær dregur.

Grillhátíð

Árleg grillhátíð foreldrafélagsins verður fyrstu viku í júní en hún er í tengslum við íþróttaviku leikskólans. Foreldrafélagið sér um alla framkvæmd þessarar hátíðar. Fundarmenn sammála um að ekki þurfi að hafa mikið tilstand á þessum degi heldur nægi það börnunum að fá foreldrana í heimsókn og vera með þeim í skólanum þessa stund.

Leikskólinn Garðasel

Gallar

Ákveðið var að setja út skoðanakönnun þar sem foreldrar gætu sagt skoðun sína á því að kaupa Henson galla merkta leikskólanum. Undanfarin tvö skólaár hefur foreldrafélagið haft forgöngu um það að fá sýnishorn af göllum og pantað fyrir foreldra. Áhugi er fyrir því að skoða það aftur og í leiðinni væri hægt að kalla eftir hugmyndum annarra foreldra á fleiri hugmyndum fyrir foreldrafélagið og annað foreldrasamstarf. Ingunn Sveins. tekur að sér að koma út til foreldra skoðanakönnun.

Fjármunir

Ýmsar umræður urðu síðan um fjármuni foreldrafélagsins og til hvers ætti að nota þá. Hugmyndir eins og að bæta búnað leikskólans og/eða kaup á foreldrafræðslu voru ræddar. Foreldrar eru tilbúnir að styrkja leikskólann í kaupum á einhverju sem gæti nýst í daglegu starfi barnanna.

Annar fundur verður boðaður síðar til að útfæra nánar sumarkaffi og grill hátíð foreldrafélagsins. Einnig verður notast við tölvusamskipti til þess að koma upplýsingum eða hugmyndum á milli stjórnarmanna.

Fundi slitið um klukkan 21:00
Tekið saman af Ingunni Sveinsdóttur